

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 10. tbl. 12. árgangur 31. október 2018

Flautudagur 2018.

Árið 2016 tóku nokkrir þverflautukennarar á Norðurlandi sig saman og blésu til Flautudags í Hofi. Hugmyndin með þessum degi var að efla tengslanet flautunemenda og -kennara á Norðurlandi. Flautudagurinn heppnaðist mjög vel og var mikil hvatning fyrir nemendur og kennara. Ákveðið var að gera Flautudaginn á Norðurlandi að árlegri hefð.



Þetta er því þriðja árið í röð sem Flautudagurinn á Norðurlandi er haldinn og verður hann sunnudaginn 11. nóvember, á Húsavík. Það eru þær Adrienne Davis, Petrea Óskarsdóttir og Una Björg Hjartardóttir sem munu leiðbeina og stjórna samspilshópum. Sunna Friðjónsdóttir verður gestakennari, hún mun leggja áherslu á samspil eldri nemenda með spunaívafi.

Í ár verður aðaláherslan lögð á spilagleði í samspilshópum og dagskráin endar á tónleikum kl 16:00 þar sem hlusta má á afrakstur dagsins auk annara fyrfram undirbúinna atriða.

Tónlistarskólinn á Akureyri, Tónlistarskóli Eyjafjarðar og Tónlistarskóli Húsavíkur standa að námskeiðinu en flautunemendum af öllu Norður og Austurlandi stendur til boða að taka þátt. Boðið er upp á rútuferð fyrir nemendur Flautudagsins til og frá Húsavík.

Allar nánari upplýsingar eru hjá Petreu Óskarsdóttur á netfangið petrea@simnet.is

Þeir fiska sem róa.

Í Lundarskóla hafa nemendur í 2. bekk unnið með fiskapema síðustu daga. Á dögnum heimsótti sjómaður nemendur og sýndi þeim ólíka fiska ásamt því að gera að þeim. Nemendur voru mjög áhugasamir og hver veit nema einhver þeirra eigi eftir að róa og fiska.





Norræna plast kapphlaupið.



7. bekkur Brekkuskóla tók þátt í Norræna plast kapphlaupinu en það er kennsluhugmynd, þar sem athyglinni er beint að plastmengun í náttúrunni og gripnið til aðgerða gegn henni. Þetta er kapphlaup við tímann – fyrir framtíð okkar allra og móður jörð.

Krakkarnir stóðu sig vel og söfnuðu á 15 mínútum rusli sem fór í þrjá fulla svarta ruslapoka.


Hér má sjá myndir af verkefnum í sameiginlegri Sudbury viku Hríseyjar- og Grímseyjaskóla en nemendur Grímseyjarskóla dvelja í Hrísey yfir vikuna. Þetta er í fjórða sinn sem þessi vika hefur verið á dagskrá en skólarnir hafa verið í samstarfi síðan 2016.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Heilsuráðstefna í Brekkuskóla.

Laugardaginn 6. október var boðið til veglegrar ráðstefnu heilsuleikskólanna í Brekkuskóla á Akureyri. Fjölmargir fyrirlestrar voru í boði eins og: Núvitund í skóla, Hugsar þú nógu vel um heilsubankabókina þína, Hreyfifæri til framtíðar og Bragðlaukaþjálfun. Að sögn ráðstefnugesta voru fyrirlestrarir mjög fróðlegir og góðir. Að auki mætti Jógvan Hansen og kom ráðstefnugestum svo sannarlega í gott skap með gríni og söng. Um 100 manns mættu og komu alls staðar að af landinu. Það voru heilsuleikskólarnir Krógaból á Akureyri og Álfasteinn í Hörgársveit sem sáu um skipulagningu ráðstefnunnar.



Jól í skókassa í Síðuskóla.

Eins og undanfarin ár taka nemendur 7. bekkjar þátt í verkefninu Jól í skókassa. Þetta er í sjötta sinn sem Síðuskóli er með. Að þessu sinni fóru rúmlega 20 kassar frá nemendum. Nemendur pökkuðu inn tónum skókössum og söfnuðu dóti í þá handa börnum í Úkraníu. Það sem þarf að vera í hverjum kassa er tannbursti, tannkrem, sápa, þvottapoki, rífföng, fatnaður, dót og nammi. Auk þess eru 1000 kr. settar í hvern kassa upp í sendingarkostnað. Nemendur pössuðu vel upp á að allt væri með. Kassarnir voru afhentir í Sunnuhlíð þar sem nemendur og kennarar fengu frekari fræðslu um verkefnið.



Bangsadagur og byggingalist á Tröllaborgum.

Alþjóðlegi bangsadagurinn var haldinn hátíðlegur á Tröllaborgum en þá mæta börnin með bangsann sinn og læra um hann og leika. Í útiveru hvíla svo bangsarnir sig í sætum barnanna.

Þau eru einnig mjög dugleg og áhugasöm að byggja listaverk úr segla-plötum, þarna nota þau mikla stærðfræði við að byggja og keppast þau við að byggja sínar eigin byggingar og eins hafa þau byggt hinar og þessar eftirmyndir af kirkjum landsins s.s. Akureyrarkirkju.



Dagur gegn einelti 8. nóvember 2018.

Menntamálastofnun minnir á dag gegn einelti 8. nóvember. Á þessum degi eru jákvæð samskipti í fyrirrúmi og skólasamfélagið hvatt til að taka höndum saman gegn einelti og slæmum samskiptum.

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum hefur nýlega tekið til starfa hjá Menntamálastofnun. Hlutverk fagráðsins er að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Skólum er gert að hafa aðgerðaáætlun gegn einelti með skilgreindum viðbrögðum.

Já nánar á vef Menntamálastofnunar: <https://mms.is/frettir/dagur-gegn-einelti-2018>